



Til bæjarráðs,

Kópavogi, 23. apríl 2021

2012439/001.02 GEF

Efni: Lækjarhjalli 34. Niðurstaða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Hinn 21. apríl 2021 kvað úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála upp úrskurð í máli nr. 136/2020.

Málið varðaði ákvörðun skipulagsstjóra Kópavogs um að hafna erindi lóðarhafa Lækjarhalla 34 þar sem óskað var eftir að koma fyrir auka bílastæði á lóð.

Úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að hin kærða ákvörðun hafi ekki verið fullnaðarkvörðun sem sé kæranleg til nefndarinnar. Var niðurstaðan byggð á þeim rökum að samkvæmt bæjarmálasamþykkt Kópavogs hafi skipulagsstjóri ekki heimild til að taka fullnaðarákvörðun í málinu. Um hafi verið að ræða ávörðun um að breyta efni byggingarleyfis og væri það því í höndum byggingarfulltrúa að taka slíka ákvörðun að undangenginni umsögn frá skipulagsfulltrúa. Var hinni kærðu ákvörðun því vísað frá úrskurðarnefndinni.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir
Lögfræðingur